

Sb.

310. Tillaga til þingsályktunar

[170. mál]

um afnám flýtifyrningar og skatt á verðbólguþróða.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt með það fyrir augum að koma í veg fyrir að arðvænleg fyrirtæki geti skotið sér undan að greiða tekjuskatt með ýmiss konar bókhaldsaðferðum. Stefnt skal að því, að ákvæði um svonefnda flýtifyrningu verði afnumin.

Jafnframt fari fram sérstök rannsókn á bókhaldi, birgðasöfnun og eignaaukningu þeirra hundraða fyrirtækja, sem höfðu meira en 5 milljónir króna í ársveltum á árinu 1973, en fengu þó engan tekjuskatt samkvæmt skattskrá ársins 1974. Á grundvelli þessarar rannsóknar verði undirbúin löggjöf um almennan skatt á verðbólguþróða fyrirtækja.

Greinargerð.

Við lauslega athugun á skattskrá Revkiavíkur 1974 kemur í ljós, að um 240 félög með samanlagða ársveltu yfir 10 þúsund milljónir króna greiða engan tekjuskatt, og eru þá hvorki meðtalin fyrirtæki, sem rekin eru í nafni einstaklinga, né smáfélög með minna en einnar milljón kr. ársveltu og aðeins félög í höfuðborginni.

Margar skýringar eru á því, að hundruð arðvænlegra fyrirtækja sleppa við að greiða tekjuskatt, en ein sú helsta er ákvæði skattalaga um flýtifyrningu, sem fyrst var sett í lög vorið 1971 að frumkvæði ríkisstjórnar Jóhanns Hafsteins. Til viðbótar almennri fyrningu, sem er allt að 15% á ári, heimilast fyrirtækjum að draga frá tekjum sínum allt að 6% flýtifyrningu. Á fjórum árum geta því fyrirtækin sloppið við að greiða skatt af tekjum, sem nema 84% af andvirði fyrnanna eigna, og er því engin furða bót mörk þeirra sleppi vel. Með stöðugri fjárfestingu geta fyrirtækin komist hía því að greiða tekjuskatt um miðg lanot skeið, og það furðulegasta er, að þegar eignin er fullfyrnd, þarf fyrirtækið aðeins að selja hana og festa sér í staðinn aðra eign til þess að geta byrjað að afskrifa á nýjan leik af fullum krafti. Er þá oft um að ræða, að eignirnar, sem koma í staðinn fyrir þær seldu, hafa áður verið að fullu afskrifaðar hjá fyrri eiganda, og getur því sama eignin orðið til þess að spara nýjum og nýjum eiganda tekjuskattgreiðslur, sem nema milliönnum króna.

Kjarni málsins er sá, að með því að heimila, að eignir, sem almennt nýtast í áratug og ýmsar í margum áratugum, séu afskrifaðar á 4—6 árum, er verið að gera mönnum kleift að skjóta tekjum, sem nema þúsundum milljóna króna, undan skatti. Með tillögu þessari er að því stefnt, að þessum fátánlegu fyrningarreglum verði breytt í grundvallaratriðum og m. a. verði flýtifyrningin afnumin með öllu.

Þessa breytingu á skattalögum má undirbúa með stuttum fyrirvara og þarf að gera strax.

Önnur ákvæði tillögunnar krefjast lengri tíma til undirbúnings og framkvæmda. Eðlilegt virðist, að fram fari sérstök rannsókn á bókhaldi, birgðasöfnun og eignaaukningu þeirra fyrirtækja, sem engan tekjuskatt fengu samkvæmt skattskrá ársins 1974, en til einföldunar er hér lagt til, að rannsóknin beinist fyrst og fremst að þeim hluta þessara fyrirtækja, sem höfðu meira en 5 milljónir króna í ársveltu. Rannsókn þessi hefur tvíþættan tilgang:

I fyrsta lagi að kanna til fulls, hvaða aðrar ástæður en fyrningarreglur valda því, að fyrirtækin borga ekki skatt. Reynist vera um ólöglegar aðferðir að ræða, verður málinu að sjálfsögðu vísað til saksóknara ríkisins til frekari meðferðar.

Í öðru lagi þarf rannsóknin að varpa ljósi á þá eignaaukningu, sem almennt hefur átt sér stað í krafti afskriftaregina, og skuldasöfnunar á verðbólgutímum, og yrði niðurstaðan höfð til hliðsjónar við samningu frumvarps um verðbólgu-skatt.

Fyrirkomulag á álagningu og innheimtu verðbólgu-skatts getur verið með ýms-um hætti og þarf að undirbúa vandlega, en eðlilegt virðist, að álagningin næði nokkur ár aftur í tímann.

Með afnámi flýtifyrningar og með því að skattleggja nokkurn hluta af þeim mikla verðbólgu-gróða, sem nú myndast á ári hverju, oftast með tilstyrk ríkis-banka og opinberra fjárfestingarsjóða, mætti vafalaust draga verulega úr skatta-álögum á alþýðu manna, og kemur þá sérstaklega til álita að fella niður söluskatt á ýmsum nauðsynjavörum og draga þannig úr verðbólgu.